

koma; þeir eru færri, sem fagna yfir því, að sumarið er liðið.— Það er svo náttúrulegt, að vér fyllumst söknuði, þegar vér eigum að sjá sumrinu á bak með þess löngu og björtu dögum og þess fagra náttúruskruði. En það eru ekki allir, sem hafa jafn mikla ástæðu til að kvíða komu vetrarins. Þeir sem búa í rúmgóðum og hlýjum húsum, hafa nóg af brenni í ofninn og nóg af olíu á lampann, sem sagt hafa nóg að bíta og brenna, þeir hafa ekki ástæðu til að kvíða vetrinum eins og þeir, sem neyðast til að búa í þröngum og köldum kofum, og hvorki hafa brenni í ofninn né olíu á lampann. Þó hefir máske enginn eins mikla ástæðu til að óttast komu vetrarins eins og ferðamaðurinn. Eg man vel eftir því heima á Fróni, þegar eg vissi það fyrir fram á haustin, að eg átti eina eða fleiri langferðir fyrir höndum á hinum komandi vetri, þá kveið eg fyrir, og eg held, að það hafi ekki verið að ástæðulausu. Það var afarmikill munur á því, að ferðast á sumrum eða á veturnum heima á Íslandi. Á vorin eða fyrri part sumars, þegar dagurinn var langur en nóttin stutt — meira að segja alls engin nótt heldur allt af dagur — oft heiðskýrt og nærri aldre ei þoka, þá var sönn unun og nautn í því, að vera á ferð, og þá var ekki mikil hætta á því, að maður glataði veginum. En eftir því sem leið á sumarið, og dagarirnir fóru að stýttast og nóttin að lengjast, eftir því fór þessi nautn þveftrandi og á haustnóttum var hún horfin með öllu. Og slíkt var eðlilegt. Þá var dagurinn orðinn stuttur, en nóttin löng, þá var von á illviðrum, — hríðum með stormum eða loðmollufjúki með þoku.

Leið ferðamannsins lá oft eftir heiðarflákum, þar sem hann þurfti að þræða veginn milli brunahrauns á aðra hönd, brunahrauns, sem engin lifandi vera, er ekki gat flogið, komst yfir, en gilja og gljúfra á hina; eða þá að leiðin lá eftir mýrarflóum, þar sem náttúran hafði sett tjarnir hingað og þangað og mennirnir grafið mógrafir, og annaðhvort af skeytingarleysi eða vanþekkingu ekki rutt ofan í þær aftur. Það var ekkert gaman að ferðast þessa vegi: yfir heiðina, þar sem brunahraunið lá á aðra hönd en gilin og gljúfrin á hina, eða þá yfir mýrarflóann og eiga að þræða á milli tjarnanna og mógrafanna, þar sem engar götur voru nema sauðaslóðir, er ýmist lágu frá eða að fjárhúsunum; — og þótt óneitanlega væri betra að hafa náttstað í sauðhúsum en